

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2025

2025/EES/30/35

frá 7. febrúar 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2076 frá 24. júlí 2024 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1178/2011 og (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar nánari skýringu á kröfum varðandi aðstoðarflugmenn sem leysa af í farflugi, uppfærslu krafna varðandi veitingu fluglíðaskírteina og heilbrigðisvottorða, og úrbætur á sviði almannaflygs⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) og 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2076:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2076 frá 24. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2076, 25.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2076, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2076, 25.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2076/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.